

Veiðimálastofnunin

24.11.76

Marianna Alexandersdóttir.

Djúpavatn 1976.

Í október barst stofnuninni sýni úr netaveiði í Djúpavatni á Reykjanesi. Alls höfðu veiðst 1070 bleikjur, 171 kg. (12,2 kg/ha) Fiskarnir voru mældir og vigtædir, kynþroski og magafylling athuguð og kvarnir teknar til aldursgreiningar.

Sýnið var lítið, 27 fiskar en niðurstöðurnar eru hér settar fram til samanburðar niðurstöðum úr skýrslu Jóns Kristjánssonar frá 1971.

Niðurstöður.

Fiskurinn var í eðlilegum holdum og leit sæmilega út. Tafla 1 sýnir meðallengd aldursflokkanna.

Tafla 1. Meðallengd aldursflokkanna.

Aldur	Meðallengd 1976	Fjöldi fiska	Meðallengd 1971
1+	14,0 cm	2	
2+	21,6	14	17,7 cm
3+	26,4	7	19,7
4+	29,5	1	24,5
5+	25,5	1	30,1
6+	38,0	1	32,5

Tuttugu og einn af fiskunum voru með tóman maga, en hinir höfðu étið svif og vatnasnigla.

Tafla 2. Skipting kynja og hlutfall kynþroska fiska
í sýninu.

	Fjöldi	%	Fjöldi kynþroska	%
Hængar	22	81	17	77
Hrygnur	5	19	0	0
Samtals	27		17	63

Af töflu 2 sést kynþroski fiskanna, engar hrygnur reyndust kynþroska, en aðeins 5 voru í sýninu.

Þó að fáir fiskar væru aldursgreindir má greinilega sjá af töflu 1 að grisjunin hafi jákvæð áhrif á vöxt fiskanna.